

kröftum, að láta hann flytja lesendum sínum fróðleik úr heimi andans sem víðast að. Ennfremur mun hann einsog að undanförnu flytja skáldskap bæði í bundnu og óbundnu málí eftir því sem rúm leyfir í hvert sinn og ritstjórninni þykir við eiga. Íslenzkt tímarit, sem ekki flytti skáldskap er óhugsanlegt, og Heimir vill vera íslenzkur, en þó ekki svo að það olli þróngsýni á nokkurn hátt.

Peir sem hafa styrkt blaðið að undanförnu eru vinsamlega beðnir að gera það eftirleiðis. Peir sem eru málesnum þeim, er það sérstaklega fylgir fram á einhvern hátt hlyntir, eru beðnir að styrkja það með því að kaupa það og lesa. Nytsemi blaða og tímarita er ekki öll undir útgefendum og ritstjórn komin, hún er líka komin undir kaupendum og lesendum— Hjálpið oss að gera Heimir eins nytsaman og framast er unt.

Öllu aðsendu verður með ánaegju veitt móttaka, og birt eftir því sem kringumstæður leyfa. Handrit öll, og brétt innihaldi blaðsins viðvíkjandi sendist til Guðm. Árnasonar, 521 Victor St., en borganir allar til Hannesar Péturssonar, Union Bank, Sargent Ave.

Gamla velunnendur og styrktarmenn Heimis biðjum vér sérstaklega að sýna honum velvild þá, er hann hefir notið að undanförnu.

STJÓRNARNEFNDARFUNDUR

*hins íslenzka unitariska kyrkjufélags
í Vesturheimi*

Pann 23 Sept. síðastl. hélt stjórnarnefnd hins íslenzka únítariska kyrkjufélags í vesturheimi, á samt öðrum útistandandi nefndum þess félags fund í íslenzku únítara kyrkjunni í Winnipeg. Á fundinum voru lögð fram nokkur nefndar álit, sem voru rædd og falin nefndunum á hendur til næsta þings til frekari framkvæmda.